

Reykjavíkurborg  
Íþróttá- og tómstundaráð  
B.t. Ómars Einarssonar  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2019

**Efni:** Golfklúbbur Brautarholts (GBR) óskar eftir styrk frá Reykjavíkurborg vegna starfsemi golfvallarins í Brautarholti.

GBR óskar eftir stuðningi Reykjavíkurborgar, bæði vallarstyrk og leigustyrk að andvirði kr. 25 milljónir, en Reykjavíkurborg hefur veitt Golfklúbbsi Reykjavíkur (GR) sambærilega styrki. Jafnframt óskum við eftir að horft verði til Brautarholtsvallar þegar aðrir styrkir eru veittir til GR í framtíðinni, s.s. rekstrarstyrki, framkvæmdastyrkir eða hverju nafni sem þeir nefnast. Hvort sem er til að bæta gæði eða auka framboð fyrir golf í Reykjavík.

Styrkveitingar borgarinnar til GR samkvæmt skjali sem lagt var fram á fundi með ÍTR í desember 2018 sýna fram að árlegir rekstrarstyrkir til GR nema um 70 milljónum króna á ári, en af þeirri tölu er 40 milljónir svokallaður leigustyrkur. Hinsvegar ef við bætum við framkvæmdastyrkjum síðustu 20 ára (hvort sem við deilum þeim niður eða núvirðum og reiknum fjármagnskostnað) fáum við út að GR fái hátt 150 milljónir á ári frá Reykjavíkurborg. Þessi fjármagnskostnaður er ígildi niðurfelldrar leigu og óskum við eftir viðræðum við Reykjavíkurborg um hvernig sá hluti styrksins er jafnaður. Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu styðja vel við golfvelli á sínu svæði þó að þeir séu löngu búnir að byggja upp svæðin og komnir í stöðugan rekstur.

Það er auðséð að ójafnt er gefið og ekki hægt að keppa við svona mismunun. Benda má á að GBR erum í uppbyggingu og er að auka framboð fyrir golfiðkun hér í borginni en GR er rötgróinn klúbbur, báðir klúbbar eru með kostnað vegna framkvæmdastjóra, vallarstjóra, dælukerfis o.s.frv. Þó GR reki vissulega tvö vallarstæði. Við bendum ennfremur á að félagsmenn GR og aðrir Reykvíkingar sækja líka golfvöll GBR.

F.h. Golfklúbbs Brautarholts,



Gunnar Pálsson